

## Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Ísafirði 18. September 2020

**Umsögn máls í samráðsgátt S-173/2020 *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum (atvinnu- og byggðakvótar).***

### **15.gr.a. Markmið atvinnu- og byggðakvóta**

Helsta markmið byggðakvótans er að efla atvinnu á sjó og í landi í dreifðum sjávarbyggðum landsins til að efla samfélögin. Telja verður að frumvarpið geti náð þessum markmiðum að mörgu leyti en þá því eru einnig annmarkar sem hér verður fjallað um.

Almennt er það mikilvægt fyrir stöðugleika útgerðar og samfélaga að skilgreina hlutfall byggðakvóta sem 5,3% af heildarúthlutun tilgreindra tegunda og hafa skýrt þeirri úthlutun er skipt upp á verkefni, s.s. byggðakvóti, sértækur byggðakvóti, línuvildun o.s.fr.

### **15. gr. b. Almennur byggðakvóti**

**Stöðugleiki:** Mikilvægt er að almenna byggðakvótanum sé úthlutað strax í upphafi fiskveiðársins. Að úthluta til sex ára, skapar meiri stöðugleika, en skýra verður nánar í greinargerð væntanlegs frumvarps hvernig verður því háttáð. Er ætlun að öll skip fái úthlutað sinni hlutdeild til sex ára og endurskoðun fari fram að þeim tíma liðnum?

Í annan stað er mikilvægt að gerð er krafa um mótframlag útgerða skipa til að fá heimild til veiða á aflahlutdeild í byggðakvóta, eða þar sem segir á bls 2

*“Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemur í þorskígildum talið tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað skv. þessari grein og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Ráðherra er heimilt að fengnum rökstuddum tillögum sveitarstjórnar að víkja frá þessu skilyrði enda sé það gert á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna.”*

Margföldunaráhrif í umsvifum við vinnslu á fiski eru ótvíræð á þeim vinnusóknarsvæðum þar sem fiskvinnsla er enn til staðar. Staða fiskvinnslunnar er hinsvegar víða erfið og því þarf að fara varlega í rýmkun reglna um vinnsluskyldu og því verði að skoða vandlega áhrif þess að rýmkva eigi reglurnar um vinnsluskyldu eins mikið og lýst er í greinargerð. Til að halda úti arðbærum rekstri þurfa fiskvinnslurnar sem enn starfa, að hafa aðgang að nægjanlegu hráefni, minnkun vinnsluskyldu hefur líklega alvarlegar afleiðingar fyrir samfélögin.

Í greinargerð kemur einnig fram varðandi vinnsluskyldu

*“Í öðru lagi gætu sveitarfélög gert samninga um nýtingu almenns byggðakvóta án vinnsluskyldu” (bls 14, 2. m.gr )*

Við úthlutun byggðakvóta gefst sveitarfélögum hér svigrúm til að minnka kröfur til vinnsluskyldu. Ítrekað er hér mikilvægi þess að halda í vinnsluskylduna innan vinnusóknarsvæðis, markmið byggðakvótans er skýrt, að skapa störf bæði á sjó og í landi. Þó er ekki lagst gegn því heimildarákvæði handhafar almenns byggðakvóta þurfi ekki í öllum tilfellum að koma með tonn á móti tonni. Enda getur sú staða komið upp að erfitt sé að viðhalda vinnsluskyldu og þarf sveitarfélaga hafa svigrúm til að bregðast við því til að koma í veg fyrir að aflaheimildir séu ekki nýttar.

Fjórðungssamband leggur jafnframt áherslu á að gert sé árlegt mat á árangri af ákvæðum 15. gr b, og hvort að aðgerðin sé til þess fallin að ná markmiðum um að efla sjávarbyggðarlög. Væri hér samræmi við þá vinnureglu, að meta ber árlega áhrif sértæks byggðakvóta.

### **15. gr. c. Sértækur byggðakvóti**

*“Ennfremur verði til viðbótar við núverandi reglugerðarheimild bætt við heimild til að kveða á um hlutlæga mælikvarða, mat á árangri og nýja og endurnýjaða samninga sem gerðir eru frá og með árinu 2020 auk samspils við almennan byggðakvóta skv. ýrri 15. gr. b.”*

Telja verður að stöðugleikinn og árleg skýrslugerð sem mælir árangur aðgerða hjá þeim er fá úthlutað sértækan byggðakvóta hefur í flestum tilfellum gefist mjög vel. Víkkun ákvæðisins um huglæga mælikvarða eru til verulegra bóta.

Ákvæðinu er þó einungis ætlað að ná til nýrra samninga og við endurnýjun þeirra þegar þar að kemur. Í nokkrum tilfellum er nýlega lokið við slíka samninga sem gilda allt til fimm ára og þeim verður ekki rift nema samningsaðilar óski þess sameiginlega og eða ákvæði samninga hafi verið brotin ítrekað og eða freklega.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur mikilvægt að nýir huglægir mælikvarðar geti haft áhrif sem fyrst á núgildandi samninga. Lagt er til að sett verði bráðabrigðaákvæði sem feli í sér úttekt á öllum samningum um sértækan byggðakvóta samkvæmt nýjum mælikvörðum. Komi í ljós að framkvæmd samninga víki verulega frá nýjum mælikvörðum þá verði til heimild um að rifta samningum. Vara mætti vera heimild veitt til að beita auknu eftirliti um framkvæmd samninga og þrýst þannig á samingsaðila að fara að ákvæðum nýrra mælikvarða.

Aukið umboð sveitarfélaga til að ráðstafa almennum byggðakvóta samhliða sértækum byggðakvóta í ákveðnum verkefnum er til bóta ein og sér eða sem aðgerð til að hafa áhrif á gildandi samninga. Markmið löggjafans verði því fylgt fast eftir til að uppfylla markmiðin um eflingu sjávarbyggða með hagsmuni allra að leiðarljósi.

### **15. gr. d. Strandveiðar**

Að setja svæðaskiptingu strandveiðisvæða er til bóta og sanngirnismál. Að leyfa veiðar alla daga vikunnar eykur möguleika á samspili veiða og veðurfars sem sjálfkrafa eykur gæði hráefnis.

Hinsvegar skortir útfærslu á því hversu mikið magn mun fara á hvert veiðisvæði og á hverju sú skipting verður byggð. Þetta þarf að skýra nánar við endanlega gerð frumvarpsins.

### **15. gr. e. Línuívilnun**

Beitning í landi er á undanhaldi en mörg sveitarfélög hafa átt drjúga hlutdeild í þeim potti. Í frumvarpinu er lagt til að þegar potturinn klárast ekki að þá verði á hverju 3. mánaða tímabili óveiddum afla breytt í byggðakvóta samkvæmt 15. gr.b..

Þá koma upp eftirfarandi spurningar sem þarf að svara við endanlega gerð frumvarpsins.

- a) Rennur sá kvóti til byggðarlagsins sem aflaði heimildar fyrir línuívilnunina?
- b) Rennur sá kvóti til bátanna sem áður höfðu nýtt línuívilnunina?
- c) Fer óveiddur afli í almenna byggðakvótapottinn á landsvísu ?
- d) Hverjir eiga að útdeila þessu og hvaða reglum á að fylgja?

- e) Mega sveitarfélögin leigja þenna kvóta og nýta tekjurnar til annars?
- f) Hversu lengi mun þetta ákvæði gilda nú þegar ljóst er að beitning í landi er að leggjast af?

### **15. gr. g Tilraunaverkefni til byggðaðróunar**

Til að þessi tillaga geti gengið upp þarf að styrkja lagagrundvöll landshlutasamtaka til að taka að sér slíkt verkefni þ.e. 97. gr sveitarstjórnarlaga. Lagt er til að haft verði samráð við samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið, sveitarfélög og landshlutasamtök um útfærslu í þessum efnunum.

Skýra þar nánar við endanlega gerð frumvarpsins, hvort markmið lagagreinarinnar sé að allur ónýttur byggðakvóti úr “almenna byggðakvóta” og “línuvillununar” pottinum að renna í þennan sjóð?

### **15. gr. h Varasjóður vegna óvæntra áfalla**

Lagt er til að leggja niður skel og rækjubætur, ekki er tekin bein afstaða til þessarar tillögu. En skýra verður betur hvort þessum sjóði sé ætlað að koma til móts við þá skel- og rækjubáta sem enn stunda veiðar þegar ekki má veiða vegna stöðu stofna.

## **3. kafli Meginefni frumvarps**

Í þessum kafla 2. mgr.

“Er með þessu gert skilt að áður en að aflamarki sé úthlutað í hverri tegund hafi 5,3% aflamagns verið ráðstafað í þessum samfélagslega tilgangi. Er þetta breyting frá núverandi framsetningu laganna þar sem m.a. er vísað til úthlutunar aflamarks og frádráttar 5,3% aflamagns hvernig tegundar í sömu málsgrein.”

Skýra þarf nánar hvernig breyting verður á framkvæmd úthlutunar frá núverandi lögum, með einstaka dæmum eða með yfirliti á úthlutun sundurgreint á báta.

### **Sértækur byggðakvóti á stöðum sem ekki teljast byggðakjarnar**

Viljum vekja athygli á ályktun frá íbúáþingi í Árneshreppi þann 17. ágúst s.l.. Þar sem því er beint til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að taka afstöðu um úthlutun byggðakvóta til Árneshrepps. Samkvæmt núgildandi lögum og reglugerðum fær Árneshreppur, sem sveitarfélag án byggðakjarna, byggðakvóta, en sá kvóti hefur ár hvert verið minnkaður samkvæmt ákvæðum reglugerðar og verður á þessu fiskveiðarári 20 tonn. Þetta eru of litlar aflaheimildir til að geta stutt við útgerð og sveitarfélagið hefur ekki tók á að sækja um sértækan byggðakvóta þar sem ekki er fiskvinnsla. En slík vinnsla á svæðinu getur ekki byggst upp því innviðaupbygging hefur setið á hakanum og þriggja fasa rafmagn er ekki til boða en er forsenda fyrir að hægt sé að vera með nýttíma fiskvinnslu. Mikilvægt að skoða stöðu Árneshrepps í þessu ljósi.

### **Lokaorð**

Þetta er þau sjónarmið sem Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur inn í umræðuna en áskilinn er réttur til að koma aftur að málinu þegar frumvarpið verður lagt fram í endanlegri mynd.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.

Viðauki. Ályktun íbúafundar í Árneshreppi 17. Ágúst 2020.

Ályktun um byggðakvóta Íbúafundur haldinn í Trékyllisvík í Árneshreppi 17. ágúst 2020 ítrekar ályktun sem verkefnisstjórn í verkefninu Brothættar byggðir í Árneshreppi, Áfram Árneshreppur ályktaði um byggðakvóta í Árneshreppi þann 26. febrúar 2020. Fundurinn skorar á stjórnvöld að grípa strax til sértækra aðgerða varðandi aukna úthlutun á byggðakvóta til að tryggja byggð í Árneshreppi. Í febrúar 2020 kom út skýrsla starfshóps á vegum Stjórnarráðsins um „Endurskoðun á meðferð og ráðstöfun 5,3% aflaheimilda“. Í skýrslunni er gerð grein fyrir fjölmörgum þáttum er varða úthlutun byggðatengdra heimilda á liðnum árum og settar fram hnitmiðaðar tillögur til úrbóta á regluverki er þessar byggðatengdu heimildir varðar og er það vel. Eitt er það í umfjöllun nefndarinnar er verkefnisstjórn verkefnisins Áfram Árneshreppur telur ástæðu til að nefna sérstaklega. Það er að á síðu 36 í skýrslunni er umfjöllun um staði sem ekki teljast byggðakjarnar samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands. Meðal þeirra er Norðurfjörður í Árneshreppi. Í skýrslunni segir m.a. „...Taka þarf afstöðu til þess hvort úthluta eigi byggðakvótum til staða sem ekki teljast vera byggðakjarnar skv. Hagstofu Íslands.“ Um aldir hefur verið gert út frá jörðum í Árneshreppi og hefur það, ásamt sauðfjárrækt, verið grundvöllur byggðar í sveitarfélaginu. Sem betur fer hefur ferðaþjónusta vaxið fiskur um hrygg og skiptir hún samfélagið í Árneshreppi miklu máli hin síðari ár. Það er á hinn bóginn staðreynd að útgerðin hefur veitt miklu lífi í samfélagið á sumrin og skiptir afar miklu máli. Aðstaða hefur byggst upp í Norðurfirði til útgerðar þó sannarlega megi bæta hana. Norðurfjörður hefur verið mikilvæg löndunarhöfn strandveiðibáta meðal annars. Byggðakvótinn er útgerðum í Árneshreppi mikilvægur þó svo að samgöngubrestur á veturnum geri fiskvinnslu nær ómögulega. Þá er óumdeilt að þó svo að Norðurfjörður nái ekki lágmarksviðmiðum Hagstofu í fjölda íbúa þá er staðurinn sannarlega þjónustukjarni fyrir íbúa Árneshrepps og þá gesti sem leggja leið sína þangað. Það væri að mati verkefnisstjórnar afar misráðið af stjórnvöldum að taka þá björg sem byggðakvótinn er af útgerðum í Árneshreppi á sama tíma og ríkið hefur ekki treyst sér til að fara hraðar en raun ber vitni í aðrar aðgerðir til stuðnings samfélaginu þar, svo sem samgöngubætur, sérstakan stuðning við landbúnað og/eða ferðaþjónustu og úrbætur á fjarskiptainviðum og raforkukerfi, svo dæmi séu nefnd. Skorar verkefnisstjórnin á sjávarútvegsráðherra að standa vörð um byggðatengdar heimildir í Árneshreppi og bæta verulega í sé þess nokkur kostur. Væri það í samræmi við vilja Alþings sem kom fram í þingsályktun þegar á árinu 2003 um „Verndun búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi“ en sem lítið sem ekkert hefur verið gert með til þessa ef frá er talið verkefnið Brothættar byggðir.